

Nd.

357. Frumvarp

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. ——— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú — Vestmannaeyjar.
4. ——— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línunum teljast og aukapræðir, sem vegna aukinna starfa á línunum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt, að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. ——— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. ——— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. ——— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. ——— Breiðamýri — Húsavík.

6. Talsímalinan: Fagriskógur — Hjalteyri.
7. ——— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. ——— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. ——— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. ——— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. ——— Grund — Borgarnes.
12. ——— Kalastaðakot — Akranes.
13. ——— Hafnarfjörður — Gerðár.
14. ——— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. ——— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
16. ——— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
17. ——— Reykjavík — Þingvellir.
18. ——— Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.
19. ——— Miðey — Vík í Mýrdal.
20. ——— Eskifjörður — Norðfjörður.
21. ——— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
22. ——— Djúpivogur — Hornafjörður.
23. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
24. Hliðarsími til Hriseyjar.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfs-hamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjafjarðar í Strandasýslu til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum, um Barðastrandasýslu, frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, svo og frá Eystri-Garðsauka að Hlíðarenda. Enn fremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og kaup á þeim talsímalinum, er upp eru taldar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukapræðir þeir, sem nefndir eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi aðallinum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalinum, er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til 18. liðs 2. flokks	4000 kr.
— 19. — - —	5000 —
— 20. — - —	3000 —
— 21. } — - —	5000 —
— 22. } — - —	
— 23. — - —	5000 —
— 24. — - —	3000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skiftingu á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskýtastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukapræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánnum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánnum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til reksturskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.